

Dodda ehf.  
Kt.: 570304-2670  
Heimilisfang: [...]

Akureyri, 12.05.2023  
Tilv. 2022-05-31-1680  
Tilv. 2021-11-24-2860

**Efni: Svipting leyfis til veiða í atvinnuskyni. Brottkast. Karólína ÞH-100 (2760).**

**I. Málsatvik**

Fiskistofa hefur lokið meðferðar tveggja mála er varðar meint brot áhafnar, og eftir atvikum útgerðar, fiskiskipsins Karólína ÞH-100, skipaskrárnúmer 2760, gegn 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 dagana 23. nóvember 2021 og 30. maí 2022. Lögskráður skipstjóri í þeim veiðiferðum er málið varðar, var X, kt. [...]. Var málsmeðferð þeirra sameinuð í ákvörðun þessari.

i. 23. nóvember 2021 (málsnr. 2021-11-24-2860)

Málsatvikum er þannig lýst í skýrslu veiðieftirlitsmanns Fiskistofu, dags. 29. nóvember 2021, að þann 23. nóvember 2021, um kl. 13:40, hafi tveir veiðieftirlitsmenn verið við eftirlit á Húsavík. Þeir hafi veitt því athygli að fiskiskipið Karólína ÞH-100 (2760) var við veiðar á svæðinu og ákváðu þeir að senda ómannað, fjarstýrt loftfar búið myndupptökubúnaði, til að fylgjast með veiðum skipsins. Tekið var á loft frá landi við Húsavíkurhöfða ( $66^{\circ}03,15\text{ N}$  -  $17^{\circ}21,32\text{ W}$ ) og flogið um 4,8 km að skipinu sem var á línuveiðum í Skjálfandaflóa. Fljótlega eftir að eftirlitið hófst sást skipverji í dráttarlúgunni, sem er staðsett stjórnborðs megin á skipinu, henda fiski fyrir borð og var þá myndupptökubúnaður flugfarsins virkjaður. Tekin voru upp fimm myndbönd og er samanlögð lengd þeirra um 44 mínútur. Á myndböndunum sést þegar skipverjar varpa afla sem komið hafði í veiðarfæri skipsins aftur í sjóinn, samtals fimmtíu og fjórum (54) fiskum; þ.e. 49 þorskum, 4 ýsum og 1 steinbít. Meint brottkast fór fram á tímabilinu 13:56-15:01 og var öllum aflanum hent stjórnborðs megin í sjóinn.

ii. 30. maí 2022 (málsnr. 2022-05-31-1680)

Málsatvikum er þannig lýst í skýrslu veiðieftirlitsmanns Fiskistofu, dags. 31. maí 2022, að þann 30. maí 2022, um kl. 11:30, hafi tveir veiðieftirlitsmenn verið við eftirlit norðan við Húsavík. Þeir hafi veitt því athygli að fiskiskipið Karólína ÞH-100 (2760) var við veiðar á svæðinu og ákváðu þeir að senda ómannað, fjarstýrt loftfar búið myndupptökubúnaði, til að fylgjast með veiðum skipsins. Tekið var á loft frá landi við þjóðveg 85, móts við Lundey ( $66^{\circ}05,40\text{ N}$  -  $17^{\circ}18,41\text{ W}$ ), og flogið um 3,5 km að skipinu sem var á línuveiðum í Skjálfandaflóa. Fljótlega urðu eftirlitsmenn vitni að því þegar skipverji, sem stóð við dráttarlúgu stjórnborðsmegin, kastaði þorski fyrir borð og var þá myndupptökubúnaður flugfarsins virkjaður. Tekin voru upp tvö myndbönd og er samanlögð lengd þeirra um 13 mínútur. Á myndböndunum sést þegar skipverjar varpa afla sem komið hafði í veiðarfæri skipsins aftur í sjóinn, samtals tuttugu og einum (21) fiskum; þ.e. 11 þorskum og 10 steinbítum. Meint brottkast fór fram á tímabilinu 11:54-12:19 og var öllum aflanum hent stjórnborðs megin í sjóinn.



Á þeim sjö myndbandsupptökum sem liggja fyrir í málinu sést þegar skipverjar um borð varpa samtals sjötíu og fimm (75) fiskum fyrir borð, þ.e. 60 þorskum, 11 steinbítum, og 4 ýsum. Af þeim sökum er áhöfn fiskiskipsins Karólína PH-100 (2760) grunuð um að hafa brotið gegn ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 með því að hafa ekki hirt og landað þeim framangreindu sjötíu og fimm (75) fiskum sem komið höfðu í veiðarfæri fiskiskipsins dagana 23. nóvember 2021 og 30. maí 2022.

## II. Athugasemdir málsaðila

Vísað er til erindis Fiskistofu, dags. 31. janúar 2023 (tilv. 2022-05-31-1680), vegna meintra brota áhafnar, og eftir atvikum útgerðar fiskiskipsins Karólína PH-100 (2760) í tveimur aðskildum veiðiferðum; 23. nóvember 2021 og 30. maí 2022. Þar var málsaðila tilkynnt um að málid hafi verið tekið til meðferðar og málsatvikum lýst, leiðbeint um lagaatriði og aðila málsins gefinn kostur á að koma andmælum og athugasemduum á framfæri í samræmi við 13. og 14. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 áður en afstaða yrði tekin til þess hvort hafi verið framin og eftir atvikum ákvörðun um viðurlög. Þá var málsaðila jafnframt tilkynnt að meint brot yrðu kærð til lögreglu. Var málsaðila leiðbeint um rétt sinn til að neita að bera á sig sök og að hvorki áhafnarmeðlimum né forsvarsmönnum útgerðarinnar væri skyld að tjá sig um meint brot sem til rannsóknar voru hjá Fiskistofu.

Þann 6. febrúar 2023 barst erindi frá lögmanni málsaðila. Í kjölfar þess var frestur til andmæla framlengdur og voru gögn málsins jafnframt afhent. Málsaðili sendi Fiskistofu athugasemdir sínar þann 22. febrúar 2022 og gerði þá kröfu að mál 2022-05-31-1680 og 2021-11-24-2860, vegna meints brottkasts áhafnar fiskiskipsins Karólína PH-100 (2760), yrðu felld niður. Málsaðili kvaðst þurfa fyllri upplýsingar um starfsemi Fiskistofu sem mál þetta hvílir á, áður en endanlegt svar yrði veitt. Í því skyni lagði málsaðili fram upplýsingabeidiðni í sjö liðum sem Fiskistofa svaraði 7. mars 2023 ásamt því að afhenda gögn svörum sínum til stuðnings. Upplýsingabeidiðnin varðaði ekki málsatvik eða önnur efnisatriði málsins og verða því ekki rakin nánar. Var í svari Fiskistofu veittur viðbótar frestur til að leggja fram athugasemdir til og með 15. mars 2023 en í kjölfarið veittur enn frekari viðbótarfrestur að beiðni málsaðila til 22. mars. Bárust athugasemdir málsaðila 23. mars ásamt frekari upplýsingabeidiðni. Að mati Fiskistofu er sú beiðni málinu efnislega óviðkomandi og verður henni svarað sérstaklega.

### A) Talning vefsengd. Smáfiskur. Ónýtur fiskur.

Málsaðili vefsengir þá talningu sem vísað er til í málsatvikum í veiðiferðum skipsins sem mál þetta varðar (54 og 21 fiskar). Málsaðili vísaði því til stuðnings að hluti umrædds afla sést falla af línumni en séu þrátt fyrir það með í talningu Fiskistofu. Eingöngu sé um smáfisk að ræða sem æskilegt er að sé sleppt og í raun sóun að koma með að landi. Þá sjáist ónýtir steinbítar, það smáir að þeir séu ekki sölvara en sé þeim sleppt þá lifi þeir. Jafnframt er um ónýt þorskseiði að ræða, 20 til 30 cm löng sem jafnframt sé ekki sölvara enda ekki nýtilegur afli. Þá vísað málsaðili til þess að ef menn bjóði upp ónýtan fisk á fiskmörkuðum þá selst hann oftast ekki, en ef hann selst þá sé það ekki fyrir kostnaði við löndun.

Í andmælum málsaðila er því haldd fram að sá tilgreindi afli sem áhöfn sé grunuð um að hafa varpað í sjó, í andstöðu við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996, hafi verið verðlaus smáfiskur og þar með verið heimilt að varpa honum fyrir borð. Peiri háttsemi sem áhöfn er borin sökum um að hafa viðhaft var ekki mótmælt. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 468/2013 er heimilt að



varpa fyrir borð þeim fisktegundum sem ekki eru háðar takmörkun á leyfilegum heildarafla, enda verði þær ekki taldar hafa verðgildi. Við mat á því hvort tegund hefur verðgildi í skilningi 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 468/2013 er litið svo á að tegund sem manneldismarkaður sé fyrir geti ekki talist án verðgildis. Einnig að tegund sem aðeins sé tíma- eða svæðisbundinn markaður fyrir teljist ekki heldur án verðgildis. Manneldismarkaður er fyrir þorsk, ýsu og steinbít og upplýsingar frá fiskmörkuðum benda til þess að þar seljist umræddar tegundir og hafi verðgildi. Um tegundirnar gildir því skylda skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996, og er bannað að varpa þeim fyrir borð. Þær tegundir sem áhöfn er grunuð um að hafa varpað fyrir borð í umræddum veiðiferðum, þ.e. þorskur, steinbítur og ýsa, eru jafnframt tegundir þar sem leyfilegur heildarafla er takmarkaður af í skilningi 2. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006. Á því undantekningarákvæði 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar ekki við um þær tegundir. Af þeim sökum var sá tilgreindi afli sem komið hafði í veiðarfæri skipsins, og að framan er getið, afli sem áhöfn skipsins var skyldt að hirða og landa í skilningi 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Sumir þeirra fiska sem félru frá borði í umræddum veiðiferðum virtust vissulega vera undirmálfiskur. Ástand afla eða stærð leysir áhöfn ekki undan skyldu sinni til að hirða og landa öllum afla sem kemur í veiðarfæri í samræmi við framangreint ákvæði. Með vísun til framangreinds ítrekar Fiskistofa að áhöfn fiskisksins Karólína PH-100 (2760) hafi verið skyldt að hirða og landa öllum þeim afla sem kom í veiðarfæri skipsins umrædda daga, hvort sem hann var líttill eða verðlítill.

Við meðferð málsins voru þær myndbandsupptökur sem liggja fyrir í málínu yfirfarin með athugasemdir málsaðila í huga þar sem talning fiska, sem fram kemur í málsatvikum, er vefsengd. Á þeim sést þegar skipverji varpa samtals sjötíu og fimm fiskum (75), sem komið hafði í veiðarfæri í umræddum veiðiferðum aftur í sjóinn eins og fram kemur í skýrslum veiðieftirlitsmanna og tekur ákvörðun Fiskistofu mið af því. Þar fyrir utan sést þegar 13 fiskar, sem komið höfðu í veiðarfæri, falla aftur í sjó án þess að skilyrðum um saknæmi sé uppfyllt og því um óhappatilvik að ræða að mati Fiskistofu. Þar af félru fimm fiskar af krókum við yfirborð sjávar og átta fiskar við rúllu á línuspili skipsins án þess að skipverji, er stóð við spilið, gat brugðist við. Umræddir fiskar sem félru af veiðarfærum án vilja skipverja voru því ekki taldir með og eru ekki hluti þess afla sem félru útþyrðis í andstöðu við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 (75 fiskar). Fellst því Fiskistofa ekki á andmæli málsaðila hvað talningu varðar og hafa umræddar myndbandsupptökur að þessu leyti leitt til þess að hið sanna og rétta hefur komið í ljós við rannsókn málsins á hlutlægan hátt í þágu réttaröryggis aðila málsins. Háttssemi skipverja gefur sterkelega til kynna að litlir fiskar og fiskar af öðrum tegundum en sóknartegundum (þorskur og ýsa) hafi verið kastað útþyrðis. Í einhverjum tilvikum fellur vænn og stór fiskur útþyrðis eða af krókum án vilja skipverja og þá sést til eins skipverja munda langan haka sem hann notaði til að veiða fiskinn úr sjónum og aftur um borð. Framganga hans endurspeglar að mati Fiskistofu viðleitni áhafnar til að hirða vænni og verðmeiri afla en ella.

#### **B) Starfsheimildir Fiskistofu. Myndefnis aflað með ólögmætum hætti.**

Málsaðili reifaði í athugasemdum sínum þær reglur sem gilda um starfsheimildir Fiskistofu, s.s. í lögum um Fiskistofu, lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og í lögum um stjórn fiskveiða. Samkvæmt framangreindum lögum telur málsaðili skýrt hvert eftirlitshlutverk Fiskistofu sé og það standist ekki skoðun að Fiskistofa hafi verið heimilt að fela veiðieftirlitsmönnum sínum víðtækari eftirlitsstörf, þ.e. með notkun fjarstýrðra loftfara áður en breytingarlög nr. 85/2022 tóku gildi í júlí 2022. Framangreind löggjöf gerir ekki ráð fyrir starfsemi eftirlitsmanna við beitingu forvirkra rannsóknarheimilda í landi eða á hafi úti. Hafi engin lagahemild verið til staðar til að



framkvæma stjórnsýslueftirlit með þeim hætti að veiðieftirlitsmenn hafi verið staðsettir í landi og sent þaðan fjarstýrð loftför á haf út til þess að taka upp starfsemi á skipum og nýta gögn sem þannig var aflað til málsméðferðar í stjórnsýslumáli. Eftirlit Fiskistofu á grundvelli laga nr. 57/1996 væri bundið við þær starfsheimildir sem gilda um stofnunina og almennar meginreglur sem gilda um stjórnvöld og starfsemi á sviði löggæslu. Þá vísaði málsaðili til þess að Landhelgisgæsla Íslands sinni löggæslu á hafi úti og að Fiskistofa hefur ekki almennar heimildir til fiskveiðieftirlits á hafi úti, heldur er það beinlínis falið LHG, enda sé eftirlit með framkvæmd löggjafar á hafi úti löggæsluverkefni. Eftirlit Fiskistofu með fjarstýrðum loftfórum á hafi úti, fyrir gildistöku laga nr. 85/2022, féllu því utan hlutverks og valdsviðs Fiskistofu. Þá taldi málsaðili að umrætt eftirlit Fiskistofu hafi í raun verið einhvers konar forvirk rannsókn, þ.e. njósnir um starfsemi í því skyni að kanna hvort lögbrot gætu verið til staðar án þess að sérstakt tilefni væri til þess, og bentí á að löggreglan hefði ekki slíkar heimildir. Hafi slíkt eftirlit Fiskistofu því skort skýran lagagrundvöll fyrir júlí 2022. Vísaði málsaðili til þess að upphaf stjórnsýslumálsins, rannsókn þess og málsméðferð Fiskistofu hafi ekki samræmst þeim lagahilmum sem giltu um starfsemi Fiskistofu fyrir setningu laga nr. 85/2022. Bæri því að fella málið niður, enda leiðir af meginreglum stjórnsýsluréttar að ólögmætar rannsóknaraðgerðir stjórnvalds verða ekki taldar grundvöllur ákvarðanatöku í stjórnsýslumáli.

Fiskistofa er stjórnsýslu- og eftirlitsstofnun og sinna starfsmenn stofnunarinnar hvorki löggæslustörfum né eru handhafar löggregluvalds í skilningi 9. gr. löggreglulaga nr. 90/1996. Löggjafinn hefur veitt Fiskistofu rúmar heimildir til eftirlits eins og nánar er kveðið á um í lögum um Fiskistofu, lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða. Eðli málssins samkvæmt fer eftirlit Fiskistofu með fiskveiðum og vigtun sjávarafla, fram jafnt á hafi úti sem og í landi. Málatilbúnaður Fiskistofu byggir á skýrslu veiðieftirlitsmanna Fiskistofu þar sem þeir lýsa því sem þeir upplifa af eigin raun við skyldustörf. Veiðieftirlitsmenn eru sérfróðir opinberir starfsmenn sem hafa bæði reynslu og þekkingu af sjómennsku og hafa enga hagsmuni af úrlausn mála. Eftirlitsaðferdin í umrædd skipti fólst í því að veiðieftirlitsmenn höfðu eftirlit með aðstoð dróna þar sem myndefnið var sýnilegt þeim í rauntíma en einnig var myndefnið að hluta til tekið upp. Um var að ræða atviksbundið eftirlit með veiðum skipsins umrædda daga sem var hvorki viðvarandi né endurtekið reglulega og telst því ekki til rafrænnar vöktunar í skilningi laga nr. 90/2018.

Þrátt fyrir að meint atvik hefðu ekki verið tekin upp stendur sönnunargildi frásagnar veiðieftirlitsmanna sem mál þetta byggir á. Það er hins vegar í þágu réttaröryggis málsaðila að umrædd atvik hafi verið tekin upp. Umrædd myndbond sýna með skýrum hættipá háttsemi sem viðhofð var um borð í skipinu 23. nóvember 2021 og 30. maí 2022. Um er að ræða hlutlæg sönnunargögn sem að mati Fiskistofu hafa mikil vægi til stuðnings skýrslna veiðieftirlitsmanna Fiskistofu. Fiskistofa sinnir eftirliti með aðstoð þeirrar tækni og þeim tækjakosti sem í boði er á hverjum tíma sem stuðlar að skilvirkara eftirliti í samræmi lögbundin verkefni stofnunarinnar og sjónarmið um ábyrga ráðstöfun opinbers fjárs. Hafa veiðieftirlitsmenn í mörg ár viðhaft eftirlit með fiskveiðum frá landi, s.s. með sjónaukum og myndavélum, og hefur slíkt eftirlit talist rúmast innan starfsheimilda þeirra og ekki verið fundið að slíkum eftirlitsaðferðum í dómaframkvæmd hér á landi. Að mati Fiskistofu var eftirlit með veiðiferðum skipsins Karólína ÞH-100 (2760) innan eftirlitsheimilda stofnunarinnar fyrir gildistöku laga nr. 85/2022 og má líkja við eftirlit með sjónauka frá landi, enda byggir í báðum tilvikum mál stofnunarinnar á vitnisburði eftirlitsmanna sem þeir upplifðu af eigin raun. Eftirlit með fiskveiðum fellur ekki



einvörðungu undir löggæsluverkefni, þó svo eftirlit með fiskveiðum sé meðal verkefna LHG. Af þeim sökum er ekki fallist á rök málsaðila um að veiðieftirlitsmenn Fiskistofu hafi farið út fyrir starfsheimildir sínar með umræddri eftirlitsaðferð eða að það sé einungis LHG sem sinni fiskveiðieftirliti á hafi úti. Svo þróng túlkun á eftirlitsheimildum Fiskistofu er að mati stofnunarinnar óeðlileg með hliðsjón af eðli fiskveiða og eftirlitshlutverki Fiskistofu.

Fiskistofa hafnar því að rannsóknaraðgerðir stofnunarinnar hafi verið ólögmætar og af þeim sökum verða þær ekki taldar grundvöllur ákvarðanatöku í stjórnsýslumáli þessu. Jafnvel þó svo til staðar séu hugsanlegir annmarkar á rannsóknaraðgerðum stjórnavlds, leiðir það ekki til þess að um verulegan annmarka á málsmeðferð sé að ræða sem valdi hugsanlegri ógildingu stjórnavldsákvörðunar. Í þessu samhengi hafa réttarvörslusjónarmið og sjónarmið um almenn varnaðaráhrif mikið vægi. Hafi öryggisregla (s.s. rannsóknarregla) verið brotin veldur það ógildingu ákvörðunar stjórnavlds nema sannanlegt sé að annmarkinn hafi í raun ekki haft áhrif á efni hennar. Á stjórnavaldi hvíla ríkar sönnunarkröfur í þessu samhengi um að meta hvort fyrir liggi orsakasamband milli brots á málsmeðferðarreglu og efni ákvörðunar, þ.e. hvort að ákvörðunin hefði orðið efnislega hin sama hefði umrædd málsmeðferðarregla ekki verið brotin. Fer matið eftir ströngum ógildingarmælikvarða enda íþyngjandi ákvörðun í húfi sem beinist gegn málsaðila. Málatilbúnaður Fiskistofu byggir í grunninn á vitnisburði tveggja veiðieftirlitsmanna sem urðu vitni að brotum áhafnar í beinu streymi og getur Fiskistofa ekki litið framhjá því og aðhafst ekkert í andstöðu við lögbundnar skyldur sínar. Þó svo meint brot hefðu ekki verið tekin upp stendur eftir vitnisburður eftirlitsmanna og skýrslur þeirra. Af þeim sökum telur Fiskistofa að hugsanlegur annmarki á þeim rannsóknaraðferðum sem viðhafðar voru í máli þessu myndu ekki breyta niðurstöðu málsins efnislega.

Sú meginregla gildir í íslensku sakamálaréttarfari að aðilum máls, þ.á.m. ákærvaldinu, er heimilt að leggja fram við meðferð máls fyrir dómi þau sönnunargögn, sem þýðingu kunna að hafa við úrlausn málsins, sbr. 1. mgr. 110. gr. laga nr. 88/2008. Í íslenskum rétti er hvergi að finna reglu sem leggur bann við því að sönnunargögn, sem aflað hefur með ólögmætum hætti, séu lögð fram í sakamáli, né er þar að finna reglu sem bindur hendur dómara við mat á gildi slíkra gagna, sbr. m.a. Hrd. 2006, bls. 1051 (97/2006). Þó svo annmarkar kunni að vera á öflun gagna leiðir það ekki sjálfkrafa til þess að litið sé framhjá þeim sönnunargögnum, sem aflað hefur verið undir slíkum aðstæðum, sbr. m.a. Hrd. 2004, bls. 2147 (325/2003) og Hrd. 2005, bls. 5165 (323/2005). Hefur sama viðhorf hefur verið ríkjandi hjá Mannréttindadómstóli Evrópu, að þó svo sönnunargagna hafi verið aflað með ólögmætum hætti, að þá girðir það ekki fyrir að stuðst sé við þau þegar skorið er úr um sekt eða sýknu ákærða í sakamáli. Fiskistofa telur, með vísan til framangreinds, að sömu sjónarmið eigi við um rannsókn stjórnsýslumála og öflun sönnunargagna í þeim og mat stofnunarinnar á þeim, með þeim fyrirvara sem að framan er nefndur um, að niðurstaða hefði efnislega orðið hin sama hefði umrædd málsmeðferðarregla ekki verið brotin. Í þessu samhengi eru eitt af þeim atriðum sem Fiskistofa horfir til við mat á gildi einstakra sönnunargagna, hvernig staðið var að öflun þeirra og það metið með hliðsjón af fyrirmælum 1. mgr. 70. gr. stjórnarskráinnar um réttláta málsmeðferð. Í tilviki málsaðila er fullljóst að hann var meðvitaður um að Fiskistofa hafði tekið í notkun dróna við eftirlit áður en hann hélt til veiða í fyrra skiptið, 23. nóvember 2021.

### C) Brot gegn lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Málsaðili vísaði í athugasemdum sínum til þess að Fiskistofa hafi farið út fyrir starfsheimildir sínar og umrætt eftirlit hafi falið í sér brot á lögum nr. 90/2018 og lögum um vinnslu



persónuupplýsinga í löggæslutilgangi nr. 75/2019. Þá vísaði málsaðili til þess að Fiskistofa félli ekki undir lögbært yfirvald í skilningi framangreindra laga nr. 75/2019 og væri það staðfesting um að Fiskistofa hafi ekki heimild til myndbandsupptaka nema á grundvelli sérstakrar lagaheimilda, sem ekki voru til staðar fyrir gildistöku laga nr. 85/2022. Að mati málsaðila, og með hliðsjón af samskiptum Fiskistofu við Persónuvernd frá 2. júlí 2020, voru hvorki skilyrði 3. eða 5. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 uppfyllt við vinnslu persónuupplýsinga við umrætt eftirlit. Í þeim samskiptum kom fram að vinnsla Fiskistofu þyrfti að vera nauðsynleg. Að mati málsaðila var það skilyrði ekki uppfyllt, enda hafði löggjafinn ekki gert ráð fyrir því að Fiskistofa sinnti eftirlitshlutverki sínu með notkun dróna á umræddum tíma. Fiskistofa hafi hins vegar haft aðrar heimildir, sem afmarka hvaða úrræði voru nauðsynleg og ásættanleg út frá meðalhófssjónarmiðum, s.s. með veiðieftirlitsmann um borð ef tilefni þótti til. Ljóst sé að Persónuvernd tók ekki efnislega afstöðu til þeirrar vinnslu sem Fiskistofa hóf. Í ljósi eftirlitsaðferðar Fiskistofu í umræddum veiðiferðum, þ.e. dróna eftirlit með starfandi sjómanni á hafi úti honum að óvörum, og án lagaheimildar til þeirrar vinnslu persónuupplýsinga, mótmælti málsaðili frekari málsméðferð Fiskistofu.

Viðeigandi undirbúningur og fræðsla átti sér stað til að tryggja sanngjarna og gagnsæja vinnslu. Þann 7. janúar og 15. febrúar 2021 var tilkynnt á vefsíðu Fiskistofa um þá nýjung að notast við dróna í eftirliti með fiskveiðum. Þar kom fram að eftirlit með notkun dróna myndi nú verða hluti af hefðbundnu eftirliti Fiskistofu. Upplýst var um að Fiskistofa hafi unnið mat á áhrifum vinnslunnar á persónuvernd (MÁP), sbr. 29. gr. laga nr. 90/2018 og að veiðieftirlitsmenn Fiskistofu sem sinna eftirliti með notkun dróna hafi fengið sérstaka fræðslu um persónuvernd. Þá voru erindi Fiskistofu og Persónuverndar birt 19. febrúar 2021 á vefsíðu Fiskistofu í kjölfar umfjöllunar í fjölmödum um notkun dróna í eftirliti Fiskistofu. Með bréfi, dags. 14. október 2021, upplýsti Fiskistofa Dodda ehf., útgerðaraðila og eiganda, skipsins Karólína PH-100 (2760), um að slíkt eftirlit hafi verið viðhaft með skipinu þann 30. september 2021 og hafi sést til skipverja varpa fyrir borð 18 fiskum í umræddri veiðiferð. Var málsaðila leiðbeint um skyldu áhafnar til að hirða og landa öllum afla sem kemur í veiðarfæri og þeim tilmælum beint til útgerðarinnar að tryggja framvegis að framkvæmd veiða bryti ekki í bága við ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 (málsnr. 2021-10-01-2519). Fiskistofa hefur komið því opinberlega á framfæri að drónar yrðu nýttir við eftirlit með fiskveiðum og einnig sérstaklega gagnvart eiganda og útgerðaraðila skipsins þann 14. október 2021. Að þessu leyti hafi umrædd vinnsla persónuupplýsinga Fiskistofu samrýmst 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 1.-2. mgr. 17. gr. laga nr. 90/2018 um gagnsæi og fræðsluskyldu.

Lög nr. 75/2019 gilda um vinnslu persónuupplýsinga hjá lögbærum yfirvöldum sem fram fer í löggæslutilgangi. Eins og að framan hefur verið rakið þá eru lögbundin verkefni Fiskistofu ekki í löggæslutilgangi. Af þeim sökum taka framangreind lög ekki til verkefna Fiskistofu. Að eftirlitshlutverk og heimildir Fiskistofu sé metið í samhengi við eftirlitshlutverk og heimildir lögreglu á hreinlega ekki við. Fiskistofa tilkynnti eftirlitsskyldum aðilum um breytta eftirlitsaðferð með nýrri tækni í samráði við Persónuvernd eins og að framan er greint. Á þeim tíma sem umrædd eftirlitsaðferð í máli þessu var viðhöfð taldi Fiskistofa hana rúmast innan heimilda stofnunarinnar og að vinnsla á upplýsingum um refsiverðan verknað í þágu eftirlits með fiskveiðum, hafi fallið undir lögbundið hlutverk stofnunarinnar í skilningi 3. og 5. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018. Hafnar Fiskistofa fullyrðingum málsaðila um að umrætt eftirlit hafi komið þeim sjómönum sem fyrir hann starfa að óvörum. Þeir aðilar sem stunda fiskveiðar í atvinnuskyni undirgangast opinbert eftirlit. Um er að ræða leyfisskylda atvinnustarfsemi og þeir



sem hana stunda eru meðvitaðir um að veiðar þeirra lúti eftirliti Fiskistofu. Af þeim sökum verða þeir sem stunda fiskveiðar í atvinnuskyni að þola röskun á friðhelgi sinni eftir þeim sérstöku lagaheimildum er Fiskistofa vinnur eftir við lögbundin eftirlitshlutverk sín. Takmörkun á friðhelgi einkalífsins í þessu ljósi byggir á málefnalegum forsendum um verndun auðlinda hafsins og almannahagsmunir fólgfir í því eftirliti sem Fiskistofa viðhefur. Eftirlitið beinist að takmörkuðum hópi eftirlitsskyldra aðila og var málsaðili sérstaklega grandsamur um eftirlitið og hafði eftirlitið ekki gengið lengra en nauðsyn bar til í tilviki málsaðila. Af þeim sökum hafnar Fiskistofa því að umrædd eftirlitsaðferð hafi ekki rúmast innan heimilda stofnunarinnar, þ.e. innan þess ramma sem lögmætisregla stjórnsýsluréttar og 71. gr. stjórnarskráinnar um friðhelgi einkalífs setur.

#### D) Vald ráðherra og breyting á stjórnsýsluframkvæmd.

Að mati málsaðila er það fráleitt að þótt stjórnvaldi sé falið eftirlitshlutverk með tiltekinni löggjöf, að það veiti því heimild til að kaupa fjarstýrða dróna og hefja upptökur á almannafærni. Skapi slík lögskýringaraðferð Fiskistofu stórkostlegt réttaróöryggi og breytir þjóðfélaginu, enda gilda strangar reglur og kröfur til myndavélaeftirlits vegna löggæslu. Þá vísaði málsaðili til þess að Fiskistofa heyri undir ráðherra sem hefur yfirumsjón með skýringu löggjafar um starfsemi stofnunarinnar. Vísaði málsaðili í því samhengi til 3. og 5. gr. laga um Fiskistofu nr. 36/1992 sem kveða á um að ráðherra sé m.a. ætlað að setja reglugerð um nánar skipulag og starfsemi Fiskistofu og reglugerð um gjaldskrá fyrir þjónustu og eftirlit sem Fiskistofu er falið að sinna skv. lögum. Að mati málsaðila hafi Fiskistofa því ekki getað tekið upp nýjar eftirlitsaðferðir án þess að afstaða ráðherra lægi fyrir. Jafnframt hafi ákvörðun Fiskistofu um að taka í notkun dróna við eftirlit verið í ósamræmi við meginþjónarmið um breytingu stjórnsýsluframkvæmdar.

Fiskistofa byggir eftirlitsheimildir sínar á gildandi lögum og reglum settum samkvæmt þeim á hverjum tíma. Þegar fjarstýrð loftför voru tekin í notkun, m.a. við lögbundið eftirlit Fiskistofu með fiskveiðum, var sú framkvæmd ekki háð sérstöku leyfi en var tilkynnt til ráðherra/ráðuneytis áður henni var breytt. Að svo miklu leyti sem löggjafinn hefur ekki nýtt vald sitt til að mæla fyrir um það í lögum eða ráðherra með almennum- eða sérstökum stjórnunarúrræðum sínum, með hvaða hætti Fiskistofa sinnir verkefnum sínum, fellur það í hlut forstöðumanns stofnunarinnar, s.s. að ákveða með hvaða hætti lögbundnu eftirliti er háttáð og með hvaða tækjum og búnaði. Eins og að framan er greint var breytt eftirlitsaðferð Fiskistofu kynnt með áberandi hætti með tilkynningum á heimasíðu stofnunarinnar og hafi jafnframt birst fjölmargar fréttir um málefnið í fjölmíðum.

Þegar stjórnvöld breyta þekktri stjórnsýsluframkvæmd án þess að reglum sé breytt er það óskráð meginregla í stjórnsýslurétti að stjórnvöld beri að kynna breytinguna fyrirfram þannig að þeir aðilar sem málið snertir, geti brugðist við og gætt hagsmunu sinna. Þegar slíkar breytingar eru íþyngjandi gagnvart borgurunum er í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti gerð sú krafa til stjórnvalda að breytingarnar séu kynntar með skýrum og glöggum hætti og með nægjanlegum fyrirvara svo að þeir sem breytingarnar varða hafi raunhæft tækifæri til að gera viðeigandi ráðstafanir og bregðast við breyttri framkvæmd. Sú breytta framkvæmd, að taka í notkun dróna við eftirlit, var kynnt með almennum tilkynningum á heimasíðu Fiskistofu í samræmi við framangreindar kröfur og lýst er að framan í kafla C, í upphafi árs 2021. Hlaut málið jafnframt mikla fjölmíðlaumfjöllun. Þar að auki fékk málsaðili sérstaka tilkynningu í samræmi við 7. gr. stjórnsýslulaga með leiðbeiningabréfi 14. október 2021 (2021-10-01-2519). Að mati Fiskistofu fékk málsaðili því sanngjarnt tækifæri til að aðlaga sig að breyttri framkvæmd og breyttum

eftirlitsaðferðum Fiskistofu og hafnar Fiskistofa fullyrðingum málsaðila um að hin nýja eftirlitsaðferð hafi verið í ósamræmi við meginjónarmið um breytingu stjórnsýsluframkvæmdar.

### E) Sjónarmið um jafnræði.

Samkvæmt upplýsingum málsaðila hefur Fiskistofa sent út fjölda bréfa um meint brottkast á fiski, þar sem byggt er á upptökum úr dróna eftirliti fyrir gildistöku laga nr. 85/2022. Vísadi málsaðili til tveggja málá þar sem málsaðila var leiðbeint um að haga veiðum í samræmi við lög og máli lokið með leiðbeiningum án frekari málsmeðferðar. Að mati málsaðila sé ósamræmi í málsmeðferðum Fiskistofu sem stjórnist af geðþóttakvörðunum um hvort mál sé látið niður falla eða ekki. Virðist sem Fiskistofa aðvari suma oft vegna brottkasts á stórum fiski og öðrum sé hótað þótt um hafi verið að ræða algjörlega verðlausán fisk. Með vísan til sjónarmiða um jafnræði gerði málsaðili þá kröfu að mál þetta verði fellt niður.

Þegar Fiskistofa hóf notkun dróna við eftirlit með brottkasti í upphafi árs 2021 var í kjölfarið öllum tilvikum hlutaðeigandi útgerðum leiðbeint ef grunur vaknaði um brot. Voru sams konar brottkast mál afgreidd á sama máta í samræmi við jafnræðisreglu stjórnsýslulaga. Ákveðið var að ganga hægt í sakirnar og gefa þeim er stunda fiskveiðar í atvinnuskyni forsvaranlegan tíma og svigrúm til að aðlagast breyttum eftirlitsaðferðum stofnunarinnar í samræmi við þá leiðbeiningarskyldu er leiðir af 7. gr. stjórnsýslulaga. Af þeim sökum voru fjölmörg af þeim málum sem upp komst um, eftir að dróna eftirlit hófst, afgreidd með leiðbeiningum. Átti það við ef um fyrsta brot var að ræða frá því að umrædd eftirlitsaðferð var tekin í notkun, og átti það við um málsaðila. Í tilviki málsaðila barst honum slík leiðbeining þann 14. október 2021 og vísað var til hér að ofan (2021-10-01-2519). Um var að ræða meint brottkast á 18 fiskum í veiðiferð skipsins þann 30. september 2021. Þrátt fyrir það varð áhöfn málsaðila aftur uppvís að meintu brottkasti í tvígang, og mál þetta hverfist um. Af þeim sökum fellst Fiskistofa ekki á rök málsaðila að um geðþóttakvarðanir sé að ræða í afgreiðslum þessara málá eða að í afgreiðslu þessa stjórnsýlumáls felist brot á jafnræðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

### III. Lagagrundvöllur

Í 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996, segir að skylt sé að hirða og koma með að landi allan afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa. Ráðherra hefur þó heimild til að heimila með reglugerð að fiski af verðlausum tegundum sé ekki landað heldur varpað í sjóinn, sbr. reglugerð um nýtingu afla og aukaafurða nr. 468/2013. Slík reglugerðarákvæði skulu túlkuð þróngt. Brot gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 geta varðað stjórnsýsluviðurlögum, þ.e. sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 eða skriflegum áminningum skv. 3. mgr. 15. gr. sömu laga. Þá getur brot gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 jafnframt varðað refsingum, sektum eða fangelsi allt að sex árum, skv. 23. gr. sbr. 24. gr. sömu laga. Brot gegn 2. mgr. 2. gr. telst fullframið hvort sem það er með refsinæmri athöfn eða athafnaleysi og hvort sem það er framið af ásetningi eða gáleysi. Þá er í 24. gr. laganna lögfest hlutlæg refsíabyrgð einstaklinga og lögaðila gegn ákvæðum laganna, að nánari skilyrðum uppfylltum.

### IV. Niðurstaða og rökstuðningur

Eins og að framan greinir var áhöfn fiskiskipsins Karólína PH-100 (2760) uppvís að brottkasti í tvígang úti fyrir Húsavík í Skjálfandaflóa, annars vegar 23. nóvember 2021 og hins vegar 30. maí 2022. Á umræddum myndbandsupptökum sést þegar sjötíu og fimm (75) fiskar, sem skylt



er að hirða og landa, fellur útbyrðis og tekur ákvörðun Fiskistofu mið af því. Hefur athugasemdum og málsástæðum málsaðila verið gerð skil og þeim svarað ítarlega í kafla II. Þar voru m.a. skýrslur veiðieftirlitsmanna, lögmaði eftirlits og starfsheimildir Fiskistofu dregnar í efa. Eins og að framan er greint er markmið málsmeðferðar stofnunarinnar að leiða hið sanna og rétta í ljós með hliðsjón af þeim sönnunarkröfum sem gilda í stjórnsýslumálum en um þau gilda almennar sönnunarreglur. Umrædd myndbönd styðja glöggt við vitnisburð og skýrslur eftirlitsmanna og sýna svo ekki verður um villst að tilgreindur afli féll fyrir borð í umræddu fiskiskipi umrædda daga fyrir tilstilli skipverja um borð. Um er að ræða hlutlæg sönnunargögn sem að mati Fiskistofu hafa tölverða þýðingu við úrlausn málsins. Sönnunargildi og áreiðanleiki þeirra vegur þungt í því heildarmati sem Fiskistofa leggur á málið við ákvörðun sína. Að mati Fiskistofu telst mál þetta vera nægilega upplýst og atvik og staðreyndir málsins, sem þýðingu hafa að lögum, vera sönnuð, með vísan til rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með vísan til málsatvika og eðli brota, vitnisburðar veiðieftirlitsmanna, gagna málsins, og þess sem að framan greinir er það niðurstaða Fiskistofu, að áhöfn fiskiskipsins Karólína PH-100 (2760), hafi brotið gegn lögum um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 með því að hafa ekki hirt og landað þeim tilgreinda afla sem að framan er getið, og komið hafði í veiðarfæri, í tveimur veiðiferðum skipsins, 23. nóvember 2021 og 30. maí 2022.

**Háttsemi áhafnar fiskiskipsins Karólína PH-100 (2760), að hirða ekki og landa öllum þeim afla sem kom í veiðarfæri skipsins í tilgreindum veiðiferðum, braut gegn 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996.**

Í 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 segir að þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. sama ákvæðis skuli Fiskistofa veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu vegna fyrsta minniháttar brots. Við mat á því hvort um minniháttar brot sé að ræða er m.a. litið til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávining fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, fjölda brota, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi. Að sama skapi telst brot meiriháttar ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brots.

Líta verður til markmiða laga nr. 57/1996 við mat á þeim hagsmunum sem brotin ógna. Lögunum er ætlað að tryggja tvö meginatriði. Í fyrsta lagi að öllum afla sem komi í veiðarfæri skips sé landað í viðurkenndri höfn og í öðru lagi að allur afli sé veginn og skráður. Í máli þessu er litið til þess að brotin voru til þess fallin að hafa í för með sér ávining fyrir hlutaðeigandi útgerðaraðila og/eða tengda aðila, þar sem verðmeiri eða söluvænlegri afli var tekinn að landi og aflaheimildum, eftir atvikum, ekki ráðstafað í þann afla sem kastað var. Brotin ógna jafnframt hagsmunum sem tengjast aflaskráningu. Fiskveiðistjórnunarkerfið byggir á því að aflaskráning gefi rétta mynd af því hve mikið er veitt úr sameiginlegri auðlind þjóðarinnar og jafnframt hvort afli tiltekins skips sé innan veiðiheimilda þess. Mikilvægir almannahagsmunir eru jafnframt fólgir í því að upplýsingar um veiðar úr nytjastofnum sjávar séu réttar svo hægt sé að áætla stofnstað og hámarks afkastagetu. Góð umgengni um nytjastofna sjávar er þýðingarmikil í því skyni að stuðla að því að þeir verði nýttir með sjálfbærum hætti er tryggi til langa tíma hámarksfrakstur fyrir íslensku þjóðina.

Við mat á alvarleika brota lítur Fiskistofa til fjölda fiska sem varpað var fyrir borð í umræddri veiðiferð, þ.e. 54 fiskar á 44 mínútum þann 23. nóvember 2021 og 21 fiskur á 13 mínútum þann 30. maí 2022. Jafnframt lítur Fiskistofa til þeirrar staðreyndar að um tvær aðskildar veiðiferðir

er að ræða þar sem brotin voru framin á stuttum tíma í hvort sinn og þrátt fyrir fyrri leiðbeiningu Fiskistofu. Myndbönd þau sem liggja fyrir í málinu sýna með skýrum hætti framgöngu skipverja um borð í umræddum veiðiferðum, þegar þeir vörpuðu tilgreindum afla, sem komið hafði í veiðarfæri skipsins aftur í sjó, við dráttarlúgu skipsins stjórnborðsmegin. Af málsatvikum og gögnum málsins megi ætla, að skipverjar hafi flokkað afla, sem kom í veiðarfæri, eftir tegundum, staerð og verðgildi, og látið hjá líða að hirða verðminni afla en hirt vænni afla. Jafnframt megi ætla að afli af öðrum tegundum en sóknartegundum (s.s. þorskur og ýsa), hafi frekar verið kastað útbyrðis en ella. Vinnubrögð skipverja og framganga gefur til kynna að um viðhöfð vinnubrögð sé að ræða en af myndbandsuptökum að dæma var aflanum kastað aftur í sjó að yfirlögðu ráði og án nokkurrar umhugsunar, í skeytingarleysi við settar háttensisreglur í lögum. Fiskistofa horfir í þessu samhengi til þess hvernig verknaðinum sjálfum var háttáð, þeim hagsmunum sem verknaðurinn beindist að og verknaðaraðferðar í umrætt sinn. Mátti þar sjá skipverja kasta fiskum ítrekað útbyrðis eftir að þeir voru dregnir inn fyrir borðstokk eða berja/losa þá af krókum með haka. Að mati Fiskistofu voru brot skipverja alvarleg og gefur háttsemi þeirra í umræddum veiðiferð sterklega til kynna að brottkast sé viðhaft um borð í umræddu skipi málsaðila í andstöðu við háttensisreglur laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 og grundvallar markmið þeirra um sjálfbæra nýtingu fiskistofna og góða umgengni um auðlindir sjávar. Málsaðili stundar fiskveiðar í atvinnuskyni og í hans þágu starfa menn sem hafa sjómennsku að atvinnu. Gera verður þá kröfu til áhafnar að háttsemi hennar og framgangsmáti endurspeglí gegnan og skynsaman atvinnusjómann, með hliðsjón af þeim reglum sem gilda um fiskveiðar hverju sinni. Þá ber málsaðili ábyrgð á því að veiðar fiskiskipa í hans útgerð séu í samræmi við gildandi lög og reglur og þá sérstaklega að framkvæmd veiða brjóti ekki í bága við ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Það er því á ábyrgð útgerðaraðila, að verklag við veiðar sé í samræmi við lög, um borð í þeim fiskiskipum sem hann gerir út og að allur aðbúnaður og tækjakostur sé fullnægjandi.

Í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 segir að við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Það er niðurstaða Fiskistofu að um alvarleg brot sé að ræða, framin á skömmum tíma og til hagsbóta fyrir málsaðila, og voru brotin meiriháttar með hliðsjón af magni afla sem varpað var frá borði og fjölda veiðiferða. Af þeim sökum kemur hvorki áminning né lágmarks leyfissvipting til greina og að mati Fiskistofa væri svipting leyfis til veiða í atvinnuskyni hæfilega ákvörðuð þrjár vikur með hliðsjón af fyrri ákvörðunum Fiskistofu í sams konar málum. Nokkur dráttur hefur orðið á meðferð málsins hjá Fiskistofu sem málsaðila verður ekki um kennt. Fyrra brot átti sér stað í nóvember 2021 og niðurstaða málsins liggar nú fyrir um átján mánuðum síðar. Þá eru engin fyrri brot sem hafa ítrekunaráhrif í máli þessu, en fyrri leiðbeining kemur til skoðunar við saknæmis- og alvarleikamat. Að því virtu og á grundvelli alls þess sem að framan hefur verið rakið, telur Fiskistofa, með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar, að umrædd brot varði sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni, skv. 1. sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996, í tvær vikur, enda ekki um minniháttar brot að ræða í skilningi 2. mgr. 2. gr. sömu laga.

**Fiskistofa sviptir hér með fiskiskip málsaðila, Karólína PH-100, skipaskrárnúmer 2760, leyfi til veiða í atvinnuskyni í tvær vikur (14 daga) frá og með 12. júní 2023 og til og með 25. júní 2023, skv. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996, vegna meiriháttar brota gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá og með dagsetningu ákvörðunar skv. 19. gr. laga nr. 57/1996.**

Ákvörðun þessa má kæra til matvælaráðuneytisins, Borgatúni 26, 4. hæð, 105 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því hún barst til málsaðila sbr. 18. gr. laga nr. 57/1996. Skal það gert skriflega eða með tölvupósti á netfangið [mar@mar.is](mailto:mar@mar.is). Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Vakin er athygli á því að ákvörðun þessi verður birt opinberlega á heimasíðu Fiskistofu í samræmi við 9. gr. laga um Fiskistofu nr. 36/1992.

Fiskistofa kemur til með að kæra brot málsaðila á 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 til lögreglustjórans á Norðurlandi eystra og óska þess að þau verði tekin þar til rannsóknar í samræmi við lög um meðferð sakamála nr. 88/2008. Ef til lögreglurannsóknar kemur mun hún fara fram í kjölfar málsmeðferðar Fiskistofu sem nú er lokið með ákvörðun þessari um stjórnsýsluviðurlög. Málalok málsins hjá Fiskistofu bindur ekki lyktir málsmeðferðar sakamáls hjá lögreglu.

